

Tillaga Garðabæjarlistans um heildar stefnumótun fyrir sveitarfélagið

Bæjarráð samþykkir að hefja heildar stefnumótunarvinnu fyrir sveitarfélagið um sýn til framtíðar þannig að markmið séu kjörnuð og þannig megi taka utan um innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðupjóðanna, Heilsueflandi samfélags og Barnasáttmála sameinuðupjóðanna. Keypt verði utanaðkomandi þjónusta til að halda utan um og stýra stefnumótunarvinnunni og í hana varið 20 milljónum ár hvert út kjörtímabilið þ.e. til ársins 2022.

Greinargerð

Garðabær er vaxandi sveitarfélag sem hefur ákveðið að hefja innleiðingu á stórum verkefnum sem snúa að stefnumótun eins og fram kemur í tillögunni. Innleiðing þessara verkefna krefst mikillar undirbúningsvinnu. Rýnivinnu þar sem farið er yfir verkefni sveitarfélagsins, metið hvað á við nú þegar en ekki síður að vinna framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið. Mikilvægt er að þegar stór verkefni eru undir eins og t.d. heimsmarkmiðin að vandað sé til verka og sú grunnvinna sem er mikilvæg sé vel unnin.

Garðabær hefur enga opinbera heildarstefnu sem innifelur framtíðarsýn sveitarfélagsins. Hins vegar er að finna margar stefnur sem einangra sig við einstaka málaflokka án nokkurrar formlegrar tengingar við heildar framtíðarsýn. Alla formlega tengingu á milli þeirra stefna vantar en skýr sýn og markmið um hvert skal stefnt skiptir máli og styður og styrkir það starf sem unnið er.

Sara Dögg Svanhildardóttir
bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans